

Reykjavík, 28. ágúst 2023

## Varðar: Skýrsla formanns af þingi World Athletics og HM í Búdapest

Undirritaður naut þess að sækja þing World Athletics og heimsmeistaramót í Búdapest. Við Guðmundur Karlsson horfðum til þess að hann tæki allan pakkann, þ.e. bæði þing og mót. Þegar dagskrá fór að skýrast bæði hjá íþróttaliði sem og á pólitísku hliðinni kom í ljós að það gekk ekki upp. Brá formaður sér því í betri fötin og smellti sér á endanum í kvöldflug með WizzAir að kvöldi 15. ágúst. Raunar urðum við Guðmundur samferða í þessu ágæta beina flugi út. Allt gekk vel. Mynd hér til hægri af vélinni nýlenti í Búdapest.



Í Búdapest skiptum við strax liði. Guðmundur undirbjó allt sem að íþróttaliðinu sneri meðan ég sinnti íþróttapólitíkinni, með öllu því sem því fylgir.

Það er alltaf áhrifaríkt að stíga inn á heimsping. Sjá fána og nöfn landa heimsins upp röðuð. Það var engin undandteking á þessu 54. heimspingi í frjálsíþróttum.

Þetta þing WorldAthletics var vel heppnaður viðburður, stundum langdreginn, en allt faglega gert. Þingið var jafnframt kosningaþing. Sebastian Coe var endurkjörinn forseti, einn í kjöri, en nú í síðasta sinn. Kemur það til af lögum World Athletics sem hann átti sjálfur stærstan þátt í að koma á. Á göngum var sömuleiðis rætt um áhuga Coe á að reyna að komast í forsetastól Alþjóða Ólympíunefndarinnar, það væri happafengur fyrir hana.



Annað sem var afleiðing af breyttri lögum var að nú í fyrsta sinn í sögu WA (áður IAAF) er kynjajafnvægi algjört í stjórn! Gríðar mikil breyting á til þess að gera fáum árum. Fyrir tíð Coe sáust konur vart við stjórnvölinn. Nú eru þar virkilega öflugir leiðtogar víðsvegar að úr heiminum, víðsvegar en ekki alls staðar, eftir minni er engin kona frá Afríku í stjórn.

Nokkrar breytingar voru gerðar á lögum, en engar sem átök urðu um og engar sem í raun er orð á gerandi.

Eftir þingið er ég sérstakur aðdáandi þýðenda. Það er magnað að geta þýtt óundirbúið ræður og umræður á milli tungumála. Útvarpað var á ensku, frönsku, spænsku, rússnesku og arabísku (ef ég man rétt). Magnað að heyra!



**Að ofan:** Fullur þingsalur með fulltrúum alls (frjálsþrótta)heimsins.

Ungverjar stóðu sig frábærlega í öllum undirbúningi, hvort sem það var varðandi þingið, móttökur, aðstæður á vellinum eða annað. Stórt hrós.

Lærdómsríkt er að fylgjast með þeim breytingum sem hafa orðið hjá World Athletics á fáum árum. Sambandið er nú leiðandi á ótal sviðum. Það hefur sannarlega þorað að taka af skarið í erfiðum málum á liðnum árum á pólitíska sviðinu en samhliða náð að taka af skarið með fræðslustarf, útbreiðslustarf, gagnavinnslu og miðlun, svo eitthvað sé nefnt. Þannig var t.d. öllum netgestum beint viljandi inn á “Inside Track” miðil World Athletics (<https://worldathletics.org/inside-track>) og þannig “þekkir” WorldAthletics nú gesti sína og áhorfendur óendanlega mikið betur en áður, því áður var þekkingin 0! Allir voru nafnlausir og óþekktir sem fylgdust með frjálsum. Nú á World Athletics efnið, miðlar því í gegnum eigin rásir eins og hægt er og þekkir þá sína notendur. Því sem er miðlað út í gegnum fjölmiðla í hinum ýmsu löndum er síðan þannig dreift að fyrir það er greitt, ágætu verði og aftur vitað nokkuð um hvert áhorf er.

Keppnis hlutinn féll eins og að framan segir meira í fang Guðmundar afreks- og framkvæmdastjóra. Brá hann sér í ótal hlutverk s.s. fararstjórn, framkvæmdastjórn og þjálfun, eftir því hvað þurfti. Að neðan til vinstri má sjá Guðmund í þjálfara hamnum.



Mín upplifun af framkvæmd móts var öll jákvæð. Borgin sjálf var öll undirlögð af kynningu á mótinu og greinilegt að þessi viðburður skipti borg og ríki miklu máli. Árangur okkar var í raun einna bestur fyrir mót, þ.e að þremur öflugum íþróttamönnum skyldi takast að tryggja sig inn á mótið er afrek. Á mótinu sjálfu varð árangur ekki eins og okkur hafði dreymt um. Mikilvægt er að rýna í og reyna að koma okkar öfluga fólki sem komið er svona langt, enn ofar á næstu mótum!

Mótið fór fram á einstaklega glæsilegum nýjum leikvangi sem reistur var á því sem áður var eyðilegt iðnaðarsvæði á bökkum Dónar. Sérlega vel hefur tekist til með uppbygginguna alla. Eins og sjá má á þessum glæsilega velli

að neðan.

Nýlunda var að Marta María okkar sinni miðlun frá Búdapest. Stóð sig vel eins og áður. Því miður fyrir okkur var þetta hennar svanasöngur fyrir sambandið. Verður seint fullþakkað allt hennar frábæra framlag. Hefur Marta náð að lyfta grettistaki við útbreiðslu og kynningu. Hvergi sparað sig við að byggja upp jákvæðari ímynd íþróttarinnar.

Eftir fremsta megni reyndi ég að nýta tímann í betri sölum vallar sem og á skipulögðum viðburðum til þess að styrkja tengsl við öflugt fólk um allan heim. Vonandi er að það beri ávöxt. Mitt helsta útspil var landið sjálft. Það er nokkurn veginn sama við hvern er talað, alla langar að komast til Íslands!



Fróðlegar umræður átti ég við marga, en einn punkt nefni ég sérstaklega. Lettar eru í svipaðri stöðu og við. Með fámennit keppnislið til þess að gera og mjög takmarkað framlag til afreksstarfsins. Þeir horfa upp á nágretta sína í Litháen og enn frekar í Eistlandi sem njóta margfalds stuðnings við sitt starf. Ekki aðeins opinberra styrkja, heldur eru skattalög þannig í nágrennalöndum Letta að þar fá fyrirtæki veglega skattaafslætti fyrir samstarfssamninga og framlög til íþróttanna og sömuleiðis fá þar einstaklingar skattaafslátt fyrir sitt framlag. Að fá sambærilega breytingu í gegn á Íslandi myndi gerbreyta okkar stöðu.



**Mynd að ofan:** Íslenski hópurinn, áður en Erna Sóley Gunnarsdóttir mætti

Eftir góða vikudvöl flaug ég sjálfur heim á ný, aftur með beinu flugi WizzAir, þriðjudagskvöldið 22. ágúst, þakklátur fyrir tækifærið, en um leið hugsá yfir ýmsu eins og alltaf eftir lærdómsríkar ferðir sem þessa.

Svo ritað í Laugardal að nýliðnum hundadögum,

  
Freyr Ólafsson, formaður